



Fundargerð

Þriðjudaginn 20. júlí 2021 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 12:00. Notast var við fjarfundabúnað. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Péturína L. Jakobsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Sigurgeir Þór Jónasson ásamt framkvæmdastjóra Alexöndru Jóhannesdóttur.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar frá 24. júní 2021

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerð stjórnar frá fundi 24. júní 2021. Stjórn fór yfir fundargerð og samþykkti.

2. Aukning stöðugilda í félagsþjónustu

Fyrir fundinum lá beiðni félagsmálastjóra um aukningu á stöðugildum í barnavernd en óskað er eftir að ráða starfsmann í 100% stöðu félagsráðgjafa í barnavernd og 100% stöðu félagsráðgjafa eða einstaklings með framhaldsskólapróf á heilbrigðis eða félagsvísindasviði.

Jón Gíslason formaður stjórnar lagði fram eftirfarandi tillögu:

Formaður leggur til að ráðið verði í eina stöðu frá og með 1. september 2021 tímabundið til eins árs og síðan verði tekin afstaða til þess hvort þörf sé á frekari aukningu vinnuafls hjá félagsþjónustunni frá og með næstu áramótum við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022.

Tillaga borin upp til atkvæða með nafnakalli og var samþykkt með þremur atkvæðum (JG, PLJ, DRÚ) gegn einu (SPJ).



Fulltrúi Blönduósbæjar í stjórn óskaði eftir að bóka eftirfarandi:

Ég tel eðlilegt þegar að mælingar frá Barnaverndarstofu um álag í barnaverndarmálum liggja fyrir, að stjórnin bregðist við í samræmi við þær með að mæta mannaflaþörfum innan félagsþjónustunnar.

Fram kom að leita verði eftir samþykki aðildarsveitarfélaga vegna aukningar á fjárframlögum ársins. Var framkvæmdastjóra ásamt félagsmálastjóra falið að annast auglýsingu og ráðningu starfsmanns með þeim fyrirvara að samþykki aðildarsveitarfélaga verði að liggja fyrir áður en starfið verður auglýst.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021

Fyrir fundinum lá viðauki vegna aukningar á stöðugildum í félagsþjónustu sbr. 2. liður fundargerðar. Stjórn samþykkti viðauka vegna rekstrar sem nemur alls kr. 3.582.241. Var framkvæmdastjóra falið að senda viðauka til samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum þar sem mæta þarf viðaukanum með hækkun á framlögum vegna ársins 2021.

4. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og var honum slitið kl. 12:36

Stjórn

Jón Gíslason

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Sigurgeir Þór Jónasson

Starfsmenn

Alexandra Jóhannesdóttir